

Félagsmálaráðuneyti  
Skrifstofa vinnumarkaðar og starfsendurhæfingar  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. október 2020

### **Efni: Umsögn Gleym mér ei styrktarfélags um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof**

Gleym mér ei styrktarfélag (einnig vísað til félagsins) hefur tekið til umsagnar frumvarp um fæðingar- og foreldraorlof sem sett var í samráðsgátt stjórnvalda 23. september sl. (hér eftir vísað til frumvarpsins).

Gleym mér ei er styrktarfélag til stuðnings við foreldra sem missa barn á meðgöngu og í/eftir fæðingu. Umsögn þessi varðar því þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og varða réttindi foreldra sem tilheyra hópi þeirra sem missa barn á meðgöngu og í/eftir fæðingu, þ.e. í tilfelli fósturláts eða andvana fæðinga.

Gleym mér ei fagnar því að réttur til fæðingarorlofs vegna fósturláts eftir 18 vikna meðgöngu verði lengdur og honum breytt úr sameiginlegum rétti foreldra í sjálfstæðan rétt hvors foreldris um sig. Telur félagið þetta vera mikla úrbót á núgildandi fyrirkomulagi. Að sama skapi fagnar félagið því að foreldrar hafi 18 mánuði til að nýta rétt sinn til orlofs frá þeim degi sem andvana fæðing eða fósturlát á sér stað, enda er það reynsla félagsmanna að það geti tekið foreldra mislangan tíma að átta sig eftir þann mikla missi sem andvana fæðing og fósturlát er.

Með umsögn þessari vill félagið þó vekja athygli á réttindastöðu foreldra sem verða fyrir fósturmissi fyrir 18 vikna meðgöngu, en samkvæmt núgildandi lögum eiga foreldrar sem verða fyrir slíkum missi ekki rétt til fæðingarorlofs og er ekki lögð til breyting á því fyrirkomulagi í umræddu frumvarpi. Hvorki í núgildandi lögum um fæðingar- og foreldraorlof né í frumvarpinu kemur fram af hverju réttindi til orlofs eru miðuð við 18 vikna meðgöngutíma. Það er reynsla félagsmanna að missir foreldra, og þar af leiðandi geta þeirra til fullrar atvinnuþátttöku, miðist ekki við meðgöngulengd. Er því mikilvægt að foreldrum séu tryggð lágmarks réttindi óháð því hver meðgöngulengd er þegar fósturmissir á sér stað. Félagið leggur til að með frumvarpinu verði réttindi þessa hóps til orlofstöku einnig tryggður. Þá hefur félagið áður bent á, í erindi Sorgarmiðstöðvar til félags- og barnamálaráðherra dags. 6. mars 2020 í tengslum við væntanlegt frumvarp til laga um sorgarorlof, að verði réttindi foreldra sem verða fyrir fósturmissi fyrir 18 vikna meðgöngu ekki tryggð í lögum um foreldra- og fæðingarorlof, skuli þau tryggð með réttindum til sorgarorlofs. Ítrekar félagið þá afstöðu sína með umsögn þessari.

Að lokum ítrekar Gleym mér ei styrktarfélag stuðning sinn við þá réttindabót foreldra sem frumvarpið leggur til og rakin eru nánar hér að ofan, en hvetur jafnframt til þess

að afstaða verði tekin til réttinda foreldra sem verða fyrir fósturmissi fyrir 18 vikna meðgöngu.

Fyrir hönd Gleym mér ei styrktarfélags

---

Sigrún Þurð Thorslúsa  
formatur